

Launastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Markmið sveitarfélagsins er vera eftirsóttur vinnustaður og að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín á grundvelli verðmæti starfa óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Launastefnan tekur mið af heildarmarkmiðum og starfsáætlunum sveitarfélagsins og er ætlað að styðja við og efla þjónustu þess að gæðum og skilvirkni.

Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu sveitarfélagsins, studdar starfslýsingum og starfsmati, málefnalegum rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Sveitarfélagið er aðili að samstarfsverkefni sveitar- og stéttarféлага um starfsmatskerfið SAMSTARF. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til þess að meta störf innbyrðis eftir innihaldi, þ.e. þeim kröfum sem gerðar eru, óháð einstaklingsbundinni hæfni þeirra er gegna þeim hverju sinni. Með notkun starfsmats eru forsendur og rökstuðningur launaákvæðana gerðar skýrar og sýnilegar.

Markmið starfsmats er að tryggja að starfsfólki séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og á að leiða til þess að störfum sé raðað þannig til grunnlauna að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafnkrefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 16. janúar 2020.

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri

Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið starfar í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafnrétti kynjanna, þar með talið að greidd skulu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Jafnlaunastefna sveitarfélagsins er samofin launastefnu þess og er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsfólki jöfn laun samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga og þeim kröfum sem fram koma í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.

Með það að markmiði hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðlinn ÍST 85:2012, það skjalfest og því viðhaldið.
- Innleiða verklag og skilgreina viðmið fyrir ákvæðanir launa sem tryggir að launaákvæðanir séu málefnalegar, gegnsæjar, skjalfestar og rekjanlegar.
- Tryggja að til séu starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og kannað hvort til staðar sé ómálefnalegur launamunur og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki og stjórnendum.
- Bregðast við óútskýrðum og ómálefnalegum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt og rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og tryggja að hún sé aðgengileg á ytri vef sveitarfélagsins.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 16. janúar 2020.

Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri